

Mál nr. 483/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. desember 2025 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V1 dags. 14. janúar 2026 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B þann 6. ágúst 2025 á bílastæði Krónunnar. Fyrir liggur að A var ekið afturábak en ágreiningur málsins lýtur að því hvort B hafi verið kyrrstæð eða ekki. Tjónstilkynning er undirrituð af ökumanni B en ekki ökumanni A.

Í málskoti kemur fram að B hafi verið kyrrstæð og ökumaður hennar hafi verið um það bil að keyra í burtu þegar A hafi skyndilega verið ekið afturábak með þeim afleiðingum að hægri afturstuðari hennar gekk inn í vinstri hlið B. M byggir á því að ökumaður A eigi alla sök á árekstrinum. Hann kveður vin sinn hafa verið í bifreiðinni með honum og þá hafi lögreglan komið á staðinn og staðfest það að A hafi verið bakkað á B.

V1, sem vátryggði A, telur að ósannað sé að A hafi bakkað á B heldur sé sannað að báðum bílum hafi verið ekið afturábak og því sé rétt að skipta sök til helminga. V1 vísar til þess í fyrsta lagi að ökumaður A hafi ekki staðfest efni skýrslunnar með undirskrift sinni. Í öðru lagi hafi komið fram hjá ökumanni A í tjónstilkynningu að báðir bílar hafi ekið afturábak og í þriðja lagi hafi M verið tvísaga en hann hafi bæði hakað í reit sem gefi til kynna að bifreið hans hafi verið kyrrstæð og að hann hafi ekið úr kyrrstöðu. Því verði að leggja til grundvallar að báðum bifreiðum hafi verið ekið afturábak í aðdraganda árekstursins og þegar árekstur varð.

Í fyrirbyggjandi tölvubréfi frá V2 sem vátryggði B er tekið fram að V2 geri ekki athugasemdir í málinu.

Álit.

Samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019 hvílir rík aðgæsluskylda á öllum ökumönnum sem aka bifreiðum sínum afturábak gagnvart annarri umferð sbr. 1. mgr. 20. gr. Fyrir liggur að A var ekið afturábak en ágreiningur er með aðilum hvort B hafi verið kyrrstæð eða ekið afturábak. Framlögð tjónstilkynning, sem eingöngu er undirrituð af hálfu ökumanns B, staðfestir ekki þá staðhæfingu M að B hafi verið kyrrstæð. Þá hefur M ekki leitast við að sanna staðhæfingu sína í málskoti með vætti vitnis eða staðfestingu lögreglu. Gegn afdráttarlausri neitun ökumanns A verður því að telja ósannað að B hafi verið kyrrstæð og ljóst að hvorugur ökumanna hafi sýnt þá aðgæslu sem krafist er samkvæmt umferðarlögum. Samkvæmt því sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar skal sök skipt þannig að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Berglind Svavarsdóttir